

oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

16  
25. febr.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 25. febrúar 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

L Ö G

17  
10. marz

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „50 millj. kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna komi: 150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu islenzkrar krónu á lánstímanum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*